

Nd.

532. Nefndarálit

[173. mál]

um frv. til laga um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað átt samleið með samnefndarmönnum okkar um afgreiðslu þessa máls. Við teljum nauðsynlegt, að gerðar séu breytingar á frumvarpinu, en meiri hlutinn vill samþykkja það óbreytt. Við leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

I. Aðaltillögur:

a. 1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna orðast þannig:

Öll hús í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, hvort sem þau eru almennings-
eign eða einstakra manna, skulu tryggð gegn eldsvoða með fullu verði þeirra
eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virð-
ingargerðum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún
álítur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru
fullgerð eða tekin til afnota.

Heimilt er að breyta árlegu brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu bygg-
ingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórn setur með sam-
þykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðar reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúar-
mánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs, miðað við byggingarkostnað 1939.

b. 2. gr. orðist svo:

2. gr. laganna orðast þannig:

Húseigendum er heimilt að tryggja hús sín hjá hverju því tryggingarfé-
lagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál.

c. 3. gr. orðist svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Tryggingin fellur ekki niður, þótt dráttur verði á greiðslu iðgjalda.

d. 4.—6. gr. falla niður.

e. Aftan við 7. gr. bætist: og jafnframt er úr gildi 1. gr. l. nr. 87 1943.

f. Fyrirsögn orðist svo:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykja-
vík.

II. Varatillögur:

Við 1. gr.

a. Aftan við 1. málsg. bætist: að undangengnum útboðum.

b. 3. málsg. orðist svo:

Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsg.,
skal leggja í sérstakan sjóð til lækkunar á iðgjöldum húseigenda og til efl-
ingar brunatryggingum húsa í Reykjavík eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Alþingi, 23. marz 1954.

Jörundur Brynjólfsson,
frsm.

Ásgeir Bjarnason,
fundaskr.